SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Fjárlaganefnd
Austurstræti 8 -10

150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/2001
komudagur 30.4.2012

Reykjavík, 30. apríl 2012

Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um heimild til handa ráðherra f.h. ríkissjóðs til að fjármagna gerð jarðgangna undir Vaðlaheiði, 718. mál.

Samtök atvinnulífsins styðja eindregið að frumvarp þetta verði að lögum og að sem fyrst verði ráðist í gerð Vaðlaheiðarganga þannig að notendur greiði sérstakt gjald fyrir notkun á göngunum sem standi undir kostnaðinum við gerð þeirra.

Almennur stuðningur er við göngin í nágrenni ganganna, þ.e. í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum. Ósk er um það á svæðinu að fá að greiða sérstaklega fyrir afnot af fyrirhuguðum göngum. Notendagjöld breyta öllum forsendum fyrir aðkomu ríkisins og um leið arðsemisforsendum. Göngin munu á endanum renna til ríkisins. Endurgjaldslaust ef notendurnir hafa greitt allan kostnaðinn. En takist ekki að ná öllum kostnaðinum til baka með notendagjöldum verður raunverulegur fjárfestingarkostnaður ríkisins hverfandi sem hlutfall af heildarkostnaði við framkvæmdina. Þess vegna þarf að taka ákvörðun miðað við að kostnaður ríkisins við göngin verði ýmist enginn eða hverfandi þegar væntanleg arðsemi af göngunum er metin. Það á ekki að taka kostnað notendanna inn í arðsemisútreikninginn fyrir ríkið, sérstaklega ekki í þessu tilfelli, þar sem notendum er í sjálfsvald sett hvort þeir fara göngin eða upplifa hina fögru leið um Víkurskarð.

Vaðlaheiðargöng verða mikil samgöngubót bæði vegna styttingar leiðarinnar frá Akureyri í Fnjóskadal og austur um og eins vegna erfiðrar vetrarfærðar um Víkurskarð. Þau munu einnig leggja grunn að því að Akureyri og Húsavík geti orðið eitt atvinnusvæði. Göngin verða einnig til að styrkja grundvöll fyrirhugaðra orku- og stóriðjuframkvæmda í Þingeyjarsýslum og má telja að þau séu hluti af uppbyggingu innviða í tengslum við þær.

Forsendur kjarasamninga sem undirritaðir voru í maí 2011 voru meðal annars að takast myndi að auka fjárfestingar í samfélaginu sem verið hafa minni hér á landi en um áratugaskeið. Sama átti við þegar stöðugleikasáttmáli aðila á vinnumarkaði og ríkisstjórnarinnar var undirbúinn árið 2009 en þá var sammælst um að ráðast í sérstakar samgönguframkvæmdir og gert ráð fyrir að ráðist yrði í gerð Vaðlaheiðarganga og var áætlað að framkvæmdir gætu hafist á árinu 2010. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þann 5. maí 2011 kom fram að ákveðið hafi verið að ráðast í gerð Vaðlaheiðarganga og að framkvæmdir myndu að forfallalausu hefjast haustið 2011.

Því er óskandi að Alþingi finni flöt á því að koma þessari framkvæmd af stað.

Virðingarfyllst,

Vilhjálmur Egilsson,
framkvæmdastjóri.

Aðsetur: Borgartún 35, 105 Reykjavík
Sími: 591 00 00
Bréfsími: 591 00 50
Netfang: sa@sa.is
Veffang: www.sa.is